

Grindavíkurbær
Elísabet Bjarnadóttir
Víkurbraut 62
240 Grindavík

Reykjavík, 29. september 2023
UST202309-159/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Hverfisskipulag - Hraun - Vör og Mánahverfi - Grindavík

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Grindavík er barst 19. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um vinnsludrög á hverfisskipulagi fyrir Hraun, Vör og Mánahverfis í Grindavík.

Í greinargerð kemur fram hverfisskipulagið tekur til hverfisins Hraun & Vör og Mánahverfis. Skipulagssvæðið er um 43,2 ha að stærð og er að mestu leyti fullbyggt í samræmi við gildandi aðalskipulag. Markmið Grindavíkurbæjar með gerð hverfisskipulags er að móta heildarstefnu og samræma ákvæði innan hverfisskipulagssvæðisins til að einfalda afgreiðslu leyfisveitinga og gera þær markvissari.

Hraun

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að hraunjaðarinn sem umliggur hverfin sé haldið óraskaður og verndaður. Auk þess bendir stofnunin á að leitast verði eftir að endurheimta raskaðar jarðmyndanir innan hverfanna þar sem við á.

Einnig bendir stofnunin á mikilvægi þess að við framtíðar hönnun íbúðarhverfa í þéttbýlinu að jarðmyndanir séu kortlagðar og verndaðrar og þær séu hluti að þéttbýlislandslaginu, hverfinu og opnum svæðum.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Rakel Sæmundsdóttir
sérfræðingur